

# STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 2003

14. janúar 2003

25

Nr. 10

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

*Skúlagötusvæði milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða Lindargötu 10 og Klapparstígs 1-7, Skuggahverfi, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. apríl 2002 breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða nr. 10 við Lindargötu og nr. 1-7 við Klapparstíg, varðandi svokallað Skuggahverfi.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var áður birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. október sl., sbr. auglýsingu nr. 744/2002. Er sú auglýsing hér með afturkölluð þar eð ótímabært var að birta hana á þeim tíma þar sem aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 hafði ekki verið staðfest og auglýsing um gildistöku þess ekki verið birt.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi og fellur þar með úr gildi eldra skipulag svæðisins.

*Reykjavík, 14. janúar 2003.*

**Helga Bragadóttir** skipulagsfulltrúi.

9. janúar 2003

Nr. 11

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Lækjarbotnalönd nr. 40 og 43. Deiliskipulag frístundabyggðar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 17. október 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi frístunda-byggðar í Lækjarbotnalandi. Tillagan nær til Lækjarbotnalanda nr. 40 og 43. Í tillögunni felst m.a. að heimilt verður að byggja við núverandi sumarbústað á Lækjarbotnalandi nr. 40 (Litli Dalur) og á Lækjarbotnalandi nr. 43 verði heimilt að byggja nýtt sumarhús í stað þess sem fyrir er.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Golfvöllur í Leirdal. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 14. nóvember 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi 9-holu golfvallar í Leirdal. Í tillögunni kemur jafnframt fram fyrirkomulag reiðleiða, gönguleiða, skóg-rækt og trjárækt ásamt landmótun á svæðinu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi. Settjörn. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 26. júlí 2002 samþykkt tillögu á um 2 ha svæði undir settjörn norðan Elliðavatnsstíflu. Settjörnin verður notuð til að leiða í ofanvatn (regn og snjókoma) og hitaveituvatn frá byggð í Vatnsenda. Tillagan var auglýst frá 24. apríl til 28. maí 2002 með athugasemdafresti til 11. júní 2002. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var samþykkt óbreytt að öðru leyti en því að afrennsli úr fyrirhugaðri settjörn verður leitt í neðri hluta Bugðu, þ.e. verði að öllu innan lögsögumarka Kópavogs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 9. janúar 2003.*

Skipulagsstjóri Kópavogs,

**Birgir H. Sigurðsson.**